

GJALDSKRÁ

Bláskógaljóss

1. **Almennt**
Verðskrá þessi gildir fyrir starfssvæði Bláskógaljóss í Bláskógarbyggð.
Virðisaukaskattur samkvæmt gildandi reglum um virðisaukaskatt bætist við gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðað við gildandi reglur á hverjum tíma.
2. **Áskriftargjald**
Mánaðarlegt áskriftargjald er kr. 3.401 +vsk.
3. **Gjöld fyrir breytingar**
Ef færa þarf heimtaug notanda í kerfis miðju Bláskógaljóss frá einu porti yfir í annað, t.d. frá fjarskiptabúnaði fjarskiptafélags yfir í fjarskiptabúnað annars félags er innheimt breytingagjald að upphæð 12.097,- auk vsk og greiðir það fjarskiptafélag gjaldið sem óskar eftir breytingunni.
3. **Tengigjald nýrra notenda**
Fyrir nýja tengingu greiðist einskisgjald kr. 216.354 + vsk auk því sem næst raunkostnaðar við að leggja ljósleiðara frá stofnstreng að tengistað.

Heimilt er að jafna út kostnaði í sumarhúsaðverfum þannig að hver tengistaður greiði sama gjald óháð raunkostnaði.

4. **Leiga á ljósþráðum innan kerfisins**
Fjarskiptafélögum stendur til boða að leigja ljósþræði til annarra nota en tengingu endanotenda. Vegalengdir miðast við loftlínu á milli staða. Miðað er við að ekki þurfi að gera breytinga á streng. Ef gera þarf breytingar þá bætist tíma- og tækjakostnaður í samræm við við umfang breytinga. Að öðru leiti er ekkert stofn- eða upphafsgjald vegna leigu. Öll verð eru án vsk.

Leigugjald fyrir ljósleiðaraþræði í streng er eftirfarandi:

Fjöldi þráða	kr./km á mánuði
1	6.935,-
2	8.667,-
3	10.400,-
4	12.133,-

5. **Aðstöðuleiga í tækjarými í Aratungu**
Fjarskiptafélögum sem nýta sér aðgangskerfi Bláskógaljóss stendur til boða að leigja aðstöðu fyrir fjarskiptabúnað í tækjarými í Aratungu skv. neðan greindu:

1 skáparými	42.238,- pr mánuð auk vsk
½ skáparými	21.119,- pr. mánuð auk vsk

Bláskógaljós getur útvegað aðgang að 230V rafmagni og greiðir leigjandi fyrir því sem næst raunnotkun á rafmagni.

4. Önnur ákvæði.

Bláskógaljós leggur ljósleiðara að tengistað en útvegur ekki endabúnað til notkunar.

Ekki er gert ráð fyrir að farið verði í tengingar í sumarhúsaðverfum nema náist um 60% þátttaka í hverfinu.

Stofngjöld verða innheimt þegar framkvæmdir byrja en heimilt er að dreifa greiðslu þeirra í 8 mánuði.

Gjaldskrá tekur verðlagsbreytingum 1. jan. ár hvert skv. ákvörðun sveitarstjórnar.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af sveitarstjórn Bláskógarbyggðar 20. desember 2023 og tekur hún gildi 1. janúar 2024.

f.h. Bláskógaljóss

20. desember 2023

Ásta Stefánsdóttir